

Sp.

66. Tillaga til þingsályktunar

[64. mál]

um úttekt á mismunun gagnvart konum hérlendis.

Flm.: Hjörleifur Guttormsson, Guðrún Helgadóttir.

Alþingi ályktar að fela félagsmálaráðherra og Jafnréttisráði í framhaldi af fullgildingu samnings um afnám allrar mismununar gagnvart konum að gera á því úttekt:

- a. hvað einkum skorti á að Íslendingar uppfylli þau ákvæði sem í samningnum felast;
- b. hvort og þá hvað það er í starfi skóla og annarra uppeldisstofnana, svo og fjölmiðla, sem einkum vinnur gegn jafnri stöðu kvenna og karla;
- c. hvað einkum torveldar konum á vinnumarkaði að ná jafnræði á við karla og hvað veldur því að svokölluð kvennastörf eru ekki metin með eðlilegum hætti til launa;
- d. hvaða breytingar á lögum, reglugerðum og öðrum opinberum tilskipunum sé rétt að gera til að markmið samningsins verði að veruleika;
- e. hvaða ráðstafanir aðrar sé æskilegt að gera af hálfu löggjafar- og framkvæmdarvalds og í dómskerfinu til að öll mismunun gagnvart konum hérlendis heyri sem fyrst fortíðinni til.

Til að fylgjast með þessari úttekt verði skipuð samráðsnefnd með fulltrúum frá öllum þingflokkum á Alþingi.

Félagsmálaráðherra skili fyrir árslok 1986 greinargerð til Alþingis um þessa úttekt og tillögum af sinni hálfu til úrbóta.

Kostnaður við þessa úttekt greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Þann 13. júní 1985 samþykkti Alþingi að tillögu utanríkismálanefndar þingsályktunartil-
lögu um heimild fyrir ríkisstjórnina til að fullgilda samning um afnám allrar mismununar
gagnvart konum og var það gert 18. júní 1985.

Í athugasemdum með tillögunni sagði m.a.:

„Samkvæmt 1. gr. samningsins er mismunun gagnvart konum skilgreind sem hvers kyns
aðgreining, útilokun eða takmörkun sem byggð er á kynferði sem hefur þau áhrif eða
markmið að takmarka eða gera að engu að konur, óháð hjúskaparstöðu, á grundvelli
jafnréttis karla og kvenna, fái viðurkennd, geti notið eða framfylgt mannréttindum og
grundvallarfrelsi á sviði stjórn mála, efnahagsmála, félagsmála, menningarmála, borgara-
legra mála eða á sérhverju öðru sviði.

Í samningnum eru síðan ákvæði sem skuldbinda aðildarríkin til að gera ráðstafanir til að
afnema mismunun gagnvart konum á hinum ýmsu sviðum.“

Samkvæmt 2. gr. samningsins er m.a. gert ráð fyrir að aðildarríkin hlutist til um án tafar
„að gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að afnema mismunun gagnvart konum af hálfu
einstaklinga, stofnana eða fyrirtækja“ og „að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal
með lagasetningu, til þess að breyta eða afnema gildandi lög, reglugerðir, venjur og
starfshætti sem fela í sér mismunun gagnvart konum“.

Samkvæmt 3. grein skulu aðildarríkin „gera allar viðeigandi ráðstafanir á öllum sviðum,
sérstaklega á sviði stjórn mála, félagsmála, efnahags og menningar, þar á meðal með
lagasetningu, til þess að ábyrgjast fulla þróun og framfarir til handa konum í þeim tilgangi að

tryggja að þær geti á grundvelli jafnréttis við karla framfylgt og notið mannréttinda og grundvallarfrelsis“.

Í 4. grein samningsins er m.a. kveðið á um svonefnda „jákvæða mismunun“ sem „sérstakar bráðabirgðaráðstafanir sem miða að því að flýta fyrir að raunverulegt jafnrétti karla og kvenna náist ...“ en jafnframt segir þar: „Ráðstafanir þessar skulu felldar niður þegar markmiðunum um sömu tækifæri og meðferð hefur verið náð.“

Í 5. grein samningsins segir m.a. að aðildarríkin skuli gera allar viðeigandi ráðstafanir „til að breyta félagslegum og menningarlegum hegðunarvenjum karla og kvenna með það fyrir augum að takast megi að uppræta fordóma og venjur sem byggjast á hugmyndinni um vanmátt eða ofurmátt annars hvors kynsins eða á viðteknum hlutverkum karla og kvenna“.

Í II. hluta samningsins er fjallað um ráðstafanir á stjórnmalavettvangi og opinberum vettvangi og í III. hluta hans um aðgerðir í menntamálum, atvinnumálum, heilsugæslu o.fl. Þar er meðal annars rætt um að tryggja konum sömu réttindi á sviði menntunar og t.d. bent á „útrýmingu viðtekinna hugmynda um hlutverk karla og kvenna á hvaða stigi sem er ... og sérstaklega með endurskoðun kennslubóka og námsáætlana og aðlögun kennsluáðferða“.

(10. grein). Þar er einnig rætt um „að lækka hlutfall þeirra stúlkna sem hætta námi og skipuleggja námsáætlanir fyrir stúlkur og konur sem ótímabært hafa hætt námi“.

Ráðstafanir skal gera til að afnema mismunun gagnvart konum á sviði atvinnu til að tryggja m.a. „rétt til sömu atvinnutækifæra, þar með talið að beitt sé sama mælikvarða við val starfsmanna“ og „rétt til sömu umbunar, þar með talið fríðinda, og sömu meðhöndlunar gagnvart vinnu sem er jafngild og sömu meðhöndlunar við mat á gæðum vinnu“.

Til að koma í veg fyrir mismunun gagnvart konum vegna hjúskapar eða móðurhlutverksins og framfylgja raunverulegum rétti kvenna til vinnu eiga aðildarríkin að gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. „sérstaklega með því að stuðla að stofnun og þróun sem flestra barnagæslustofnana“.

(11. gr.).

„Aðildarríkin skulu taka tillit til hinna sérstöku vandamála sem konur í dreifbýli eiga við að etja ... og skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að ákvæði samnings þessa séu virt gagnvart konum í dreifbýli.“

(14. gr.).

Þetta eru tilvitnanir í örfá atriði þessa samnings sem þó minna á fjölmargt af því sem gera þarf héraðs og vikið er að í einstökum liðum þingsályktunartillögunnar (sbr. einnig fylgiskjöl með þessari greinargerð).

Sérstök nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna (Efnahags- og félagsmálaráðsins), skipuð 23 fulltrúum frá aðildarríkjum, fylgist með og fjallar um framkvæmd samningsins og gefur árlega skýrslu til allsherjarþingsins. Eiga ríki, sem gerst hafa aðilar að þessum samningi um afnám allrar mismununar gagnvart konum, að leggja fyrir nefndina „skýrslu um lagalegar, réttarlegar, stjórnunarlegar og aðrar ráðstafanir sem þau hafa gert til að framfylgja ákvæðum samnings þessa og um þá þróun sem orðið hefur í þessu tilliti“. Er gert ráð fyrir slíkri skýrslu innan eins árs frá gildistöku samningsins fyrir viðkomandi aðildarríki og síðan a.m.k. á fjögurra ára fresti. Úttekt sú, sem tillagan gerir ráð fyrir, getur þannig orðið undirstaða að greinargerðum samkvæmt ákvæðum samningsins, um leið og henni er ætlað að skapa sem fyrst grundvöll og samstöðu um breytingar sem gera þarf á fjölmörgum sviðum hér innanlands til að afnema mismunun gagnvart konum.

Eðlilegt virðist að félagsmálaráðuneytið og Jafnréttisráð hafi forustu um þá úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir og leiti álits þeirra mörgu aðila sem láta sig varða réttindamál kvenna.

Um leið og gert er ráð fyrir að úttektin verði unnin í nánnum tengslum við Jafnréttisráð er nauðsynlegt að heimild sé fyrir hendi til að greiða fyrir vinnu að henni með sérstöku framlagi úr ríkissjóði.

Til að tryggja samstarf við Alþingi um þessa úttekt gerir tillagan ráð fyrir að skipuð verði nefnd sem í eigi sæti fulltrúar frá öllum þingflokkum. Gefa á nefndinni tækifæri til að fylgjast með vinnu að úttektinni frá byrjun og ætti það m.a. að greiða fyrir æskilegum lagabreytingum til að afnema mismunun gagnvart konum.

Svo brýnt sem það er að hraða vinnu að þessu máli virðist ekki raunsætt að gera ráð fyrir því að uppskera berist Alþingi fyrir en síðla næsta árs í formi greinargerðar og til að vinna að þessu máli til hlítar þarf eflaust lengri tíma.

Fylgiskjöl:

- I. Ársverk og meðallaun eftir kyni 1983. Framkvæmdastofnun, febrúar 1985.
- II. Könnun á stöðu íslenskra kvenna. Samanburður á árunum 1976 og 1984. Helstu niðurstöður. Höfundur: Fríða Björk Pálsdóttir. Útgefandi: Jafnréttisráð. Maí 1985.
- III. Staðreyndir um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum. Helstu niðurstöður. Höfundar: Esther Guðmundsdóttir og Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir. Útgefandi: Framkvæmdanefnd um launamál kvenna. Maí 1985.
- IV. Jafnrétti — eða hvað? Helstu niðurstöður könnunar jafnréttisnefndar Akureyrar. Maí 1984.
- V. Fréttabréf kjararannsóknarnefndar, nr. 69, 2. ársfjórðungur 1985. Helstu niðurstöður.
- VI. Konur og stjórnsmál. Yfirlit um fjölda kvenna í sveitarstjórnnum 1982, á Alþingi eftir kosningarnar í apríl 1983 og í áhrifastöðum innan stjórnsmálaflokkanna. Höfundur: Esther Guðmundsdóttir. Útgefandi: Jafnréttisráð 1983.
- VII. Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 65/1985.

Fylgiskjal I.

ISLAND

ÁRSVERK OG MEDALLAUN EFTIR KYNI 1983

NÚMER ATVGR.	NAFN ATVINNUGREINAR	KARLAR		KONUR		KARLAR+KONUR-ÓFLOKK.	
		ÁRSVERK	M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	ÁRSVERK	M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.	ÁRSVERK	M.LAUN/ÁRSV. þús. kr.
11	LANDBÚNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
13	FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
30	FISKVIÐNLSLA	5327	284	4723	217	10171	252
31	MATVÆLAÐNAÐUR	1997	285	1583	184	3566	240
32	VEFJARÐNAÐUR	865	284	1506	182	2376	219
33	TRJÁVÖRUIDNAÐUR	1429	258	146	172	1576	250
34	PAPPÍRSIDNAÐUR	1170	319	686	215	1857	280
35	EFNAIDNAÐUR	747	295	234	194	982	271
36	STEINEFNAIDNAÐUR	722	306	120	195	844	290
37	ÁL OG JÁRNLENDI	765	399	90	270	845	387
38	MÁL- OG SKIPASMÍÐI	3164	301	265	181	3433	292
39	ÝMIS IDNAÐUR	359	333	80	167	441	302
40	VEITUR	886	400	239	216	1126	361
50	BYGGINGAR SEM ATV.REK.	7359	305	580	190	7968	297
51	BYGGINGAR Í EIGIN ÞÁGU	302	238	8	171	310	236
52	OPINBERAR FRAMKVÆMDIR	2460	288	356	156	2823	271
61	HEILDVERSLUN	3783	304	1640	209	5431	275
62	SMÁSÖLVERSLUN	2897	276	4803	187	7722	221
63	VEITINGAR OG HÓTEL	736	267	1537	200	2291	221
71	FLUTNINGAR	5170	293	997	223	6171	285
72	PÓSTUR OG SÍMI	668	302	959	216	1627	251
81	PENINGASTOFNANIR	1061	357	1921	219	2983	268
82	TRYGGINGAR	378	376	420	214	797	291
83	ÞJÓNUSTA VIÐ ATV.REK.	1807	382	995	209	2808	320
91	OPINBER STJÓRNSÝSLA	3903	357	1853	205	5760	308
92	GÖTU- OG SORPHREINSUN	242	251	30	221	272	248
93	OPINBER ÞJÓNUSTA	5999	334	12489	216	18517	254
94	MENNINGARSTARFSEMI	1050	247	772	198	1827	226
95	PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA	2689	265	953	151	3650	235
96	VARNARLIDID	716	418	345	232	1060	358

ATVINNUVEGIR

LANDBÚNAÐUR	5182	149	3457	129	8998	141
FISKVEIÐAR	5084	468	223	219	5332	458
FISKVIÐNLSLA	5327	284	4723	217	10171	252
IDNAÐUR	11218	301	4700	189	15940	268
VEITUR	886	400	239	216	1126	361
BYGGINGAR	10121	299	944	177	11101	289
VERSLUN	7417	289	7980	194	15434	240
SAMGÖNGUR	5837	294	1956	220	7798	278
BANKAR OG FL.	3246	373	3336	216	6588	293
ÞJÓNUSTA	14600	324	16441	211	31087	264
ATVINNUVEGIR ALLS	68920	308	44001	200	113579	265

Fylgiskjal II.

Fríða Björk Pálsdóttir

Könnun á stöðu íslenskra kvenna.
Samanburður á árunum 1976 og 1984.

Reykjavík 1985

12. Helstu niðurstöður könnunar Jafnréttisráðs

Almennar upplýsingar

Spurningalistar voru sendir til eða afhentir 560 konum á aldrinum 20-60 ára árið 1984. Konurnar voru úr Reykjavík, frá Patreksfirði, Húsavík, Egilsstöðum og úr dreifbýlinu. Svör bárust frá 300 konum eða 57,8%. Árið 1976 voru spurningalistar sendir til 387 kvenna á aldrinum 25-55 ára. Leitað var til kvenna á sömu stöðunum bæði árin. Heildarsvörunin árið 1976 var 73,4%.

Flestar voru konurnar 20 ára en flestir makarnir voru 35 ára eða 37 ára árið 1984.

Giftar konur voru 185, 48 konur voru í sambúð, 5 voru ekkjur og 16 fráskildar í seinni könnuninni. Þegar rætt var um sambúð var átt við vígða og óvígða sambúð. Árið 1976 voru 282 konur í vígðri eða óvígðri sambúð, ein var fráskilin og ein ekkja.

Konurnar hófu flestar búskap 20 ára og hið sama má segja um makana árið 1984.

Algengasta fjölskyldugerðin var sambúð með barn/börn og á það við um 65% kvennanna í seinni könnuninni.

Kjarnafjölskyldu tilheyrðu 82% svarenda og algengasta heimilisstærðin var 2-3ja manna heimili eða 4-5 manna heimili samkvæmt könnun Jafnréttisráðs. Ef litið er á heimilisstærðina bæði árin þá kemur í ljós að í Reykjavík var algengast að fjöldi heimilismanna væri 2-3ja manna heimili, á hinum þéttbýlisstöðunum 4-5 manna heimili og í dreifbýlinu 6-7 manna heimili.

Flestar konurnar ólust upp hjá báðum foreldrum sínum árið 1984 eða 88,6% þeirra og er það svipað hlutfall og árið 1976.

233 konur árið 1984 voru með börn á heimilinu og voru flest börnin á aldrinum 0-6 ára. Algengast var að þær væru með eitt barn á heimilinu. Árið 1976 voru flest börnin á aldrinum 11-15 ára.

Árið 1984 voru 12 aldraðir, 8 sjúklingar og 7 þroskaheftir á heimilum kvennanna. Auk þess var ein kona með aldraðan og þroskaheftan einstakling á heimilinu, ein var með sjúkling og þroskaheftan og ein svaraði því að sjálf væri hún fötluð.

Flestar konurnar voru í 100-199 fm húsnæði árið 1984 eða 55% þeirra. Einbýlishús var algengasta húsnæðisgerðin og á það við um alla staðina nema Reykjavík, en þar voru fjölbýlishús algengust. Um 74% kvennanna bjuggu í eigin húsnæði, um 15% voru í leiguhúsnæði og 8% í öðru t.d. foreldrahúsum. Húsnæði flestra þeirra var 5-14 ára gamalt. Bæði árin var algengast að konurnar væru í 100-199 fm húsnæði og í einbýlishúsum.

Árið 1984 var bifreiðaeign heimilismanna í 60,5% tilvika einn bíll á heimilinu. 87% kvennanna voru með bílpróf og 97,4% makanna. 74% svarenda óku að staðaldri árið 1984. Makinn ók oftast þegar þau fóru saman út að aka eða í um 66% tilvika. Árið 1976 voru hins vegar 72,2% svarenda með bílpróf og 76,1% kvennanna ók að staðaldri. Svipuð niðurstaða kom fram bæði árin varðandi það hvor aðilinn ekur oftast þegar þau fara saman út að aka.

Árið 1984 höfðu 48% kvennanna lokið stuttu námi fram yfir skyldu og 40,3% makanna höfðu verklegt framhaldsnám að baki. Háskólanám höfðu 9% kvennanna eða sambærilega menntun en 16,4% makanna. Einhleypar konur höfðu hlutfallslega lokið lengri skólagöngu en konur í sambúð. 30 svarendur voru í námi þegar könnunin fór fram og 4 makar. Fleiri konur reyndust árið 1984 en árið 1976 hafa lokið háskólanámi eða sambærilegri menntun (1,8% árið 1976 og 9,0% árið 1984) og mun færri konur voru með húsmæðraskólapróf í seinni könnuninni en í þeirri fyrri.

Heimilið

28,5% makanna höfðu enga undirstöðu haft fyrir heimilisstörfen en 4% svarenda árið 1984. Konurnar og makarnir lærðu í flestum tilvikum undirstöðu sína hjá móður sinni.

Flestar konurnar skipuleggja ekki vinnu sína á heimilinu fyrirfram eða tæplega 40% þeirra árið 1984. Svipað hlutfall kvenna skipulagði ekki vinnu sína á heimilinu fyrirfram árið 1976.

Árið 1984 áttu flestir svarendur hrærivél, ísskáp, frystikistu, sjálfvirka kaffikönnu, þvottavél, saumavél, ryksugu, síma, sjónvarp, útvarp og hljómflytningstæki eða höfðu aðgang að. Fáar konur áttu hins vegar eða höfðu aðgang að örbylgju-

ofni, blástursofni, myndbandstæki og heimilistölvu.

24 konur höfðu leitað til Leiðbeiningarstöðvar húsmæðra og 16 konur höfðu ráðfært sig við Neytendasamtökin árið 1984.

Um 39% kvennanna saumuðu stundum til heimilisins árið 1984 og 39% saumuðu sjaldan eða aldrei. Fleiri konur þrjónuðu hins vegar til heimilisins og sögðust 41% þeirra þrjóna stundum og 34,3% alltaf eða oftast. Fleiri konur þrjónuðu og saumuðu til heimilisins árið 1976.

88,7% kvennanna sögðust fylgjast með fjármálum heimilisins árið 1984. Svipaður fjöldi sagðist fylgjast með fjármálum heimilisins árið 1976 og í seinni könnuninni en verkaskipting sambýlisfólks varðandi fjármálin hefur hins vegar töluvert breyst á þessum átta árum. Konur sem sáu frekar eða alltaf um fjármál heimilisins árið 1976 voru 7,4% en árið 1984 16,4%, sem er rúmlega helmingi aukning. Árið 1976 sáu 38% sambýlisfólks jafnt um fjármálin en 42% árið 1984. 49,3% makanna sáu frekar eða alltaf um fjármálin á heimilinu árið 1976 en 32,8% makanna árið 1984.

12 konur fengu utanaðkomandi hjálp við heimilisstörfin eða 4,0% árið 1984 en 9,6% árið 1976.

Konurnar leituðu oftast í bækur eða blöð ef vandamál komu upp varðandi matartilbúning. Varðandi húshald leituðu þær einkum ráða hjá móður eða maka. Flestar leituðu til makanna ef vandamál komu upp vegna barnauppeldis, persónulegra vandamála og fjölskylduvandamála.

Atvinna

Atvinnuþátttaka kvenna utan heimilis í þéttbýlinu reyndist vera árið 1984 77,7% og störfuðu hlutfallslega flestar utan heimilis á Húsavík (85,8%), en fæstar á Egilsstöðum (73,4%).

Launþegar í fullu starfi árið 1984 voru 38% og launþegar í hlutastarfi 29%. Konurnar á Húsavík voru hlutfallslega flestar í hlutastörfum, en konurnar í Reykjavík voru hins vegar hlutfallslega flestar launþegar í fullu starfi. Heimavinnandi konur voru um 15% og þar af 44,4% dreifbýliskvenna. Hlutfallslega voru fæstar heimavinnandi á Húsavík og í Reykjavík. Nemendur voru 7,7% og öryrkjar og atvinnulausar 1,6%.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á atvinnuþátttöku svarenda á þessum átta árum eins og tafla 12.1. ber með sér. Hlutfallslega hefur heimavinnandi fækkað og fleiri eru launþegar í fullu starfi og sem nemendur. Svipað hlutfall er hins vegar launþegar í hlutastarfi og sem sjálfstæðir atvinnurekendur bæði árin.

Tafla 12.1. Atvinnuþátttaka svarenda árin 1984 og 1976.

	Konur 1984		Konur 1976	
	<u>fjöldi</u>	<u>%</u>	<u>fjöldi</u>	<u>%</u>
Heimavinnandi	44	14,7	127	44,7
Launþegi í fullu st.	114	38,0	46	16,2
Launþegi í hlutast.	87	29,0	84	29,6
Sjálfst. atvinnurek.	21	7,0	22	7,7
Nemendur	23	7,7	4	1,4
Annað	5	1,6		
Ósvarað	<u>6</u>	<u>2,0</u>	<u>1</u>	<u>0,4</u>
Samtals	300	100,0	284	100,0

Flestar konurnar störfuðu sem almennt starfsfólk (39%) árið 1984, þ.e. við verslun og á skrifstofum, við skemmtanir og þjónustu, barnagæslu og heilsugæslu. Makarnir störfuðu hins vegar flestir sem faglært verkafólk eða verkstjórar (27%). Um 16% svarenda voru heimavinnandi en um 77% mæðra þeirra höfðu verið heimavinnandi þegar konurnar voru að alast upp.

58 konur sögðu tölvuvæðinguna hafa haft áhrif á störf sín árið 1984 eða 19% úrtaksins. Konurnar voru flestar hlyntar tölvuvæðingunni (44,3%), en margar konur voru einnig óákveðnar og völdu "veit ekki" valmöguleikann (33,3%).

231 kona (77%) voru í stéttarfélagi árið 1984, en 53 konur (17,7%) voru ekki í stéttarfélagi. Árið 1976 voru 68,4% kvennanna í stéttarfélögum. Fimm konur voru í búnaðarfélagi árið 1984 en þrjár konur árið 1976.

Flestum konunum líkaði vel eða mjög vel við störf sín (73,5%) árið 1984 og höfðu valið það vegna áhuga á starfinu.

105 konur tóku að sér aukavinnu og þar af tóku 19 konur aukavinnu með sér heim árið 1984. Flestar þeirra unnu yfirvinnu í tengslum við aðalstarf sitt. Árið 1976 tóku hins vegar 42 konur einhverja aukavinnu með sér heim.

Starfsaldur í núverandi starfi var hjá flestum konunum 0-5 ár (54,2%) árið 1984 og hið sama má segja um makana (38,8%).

83,3% kvennanna í seinni könnuninni sögðu útivinnuna samræmast heimilisstörfunum sæmilega eða illa eða hafa gert það.

13 konur vildu ekki vinna utan heimilis árið 1984 en 233 konur sögðust vilja vinna eða vinna utan heimilis. Árið 1984 vildu flestar þeirra vinna utan heimilis vegna tekna eða 29,2% þeirra. Árið 1976 vildu 34 konur ekki vinna utan heimilis.

Vinnutími

Vinnutími svarenda utan heimilis árið 1984 var í flestum tilvikum 26-40 klst. eða hjá 36,5% þeirra, en hjá mökunum 41-60 klst. (45,9%). Meðaltal vinnutímans utan heimilis hjá svarendum var 33,8 klst. á viku, en 46,5 klst. hjá mökunum. Meðalvinnutími kvenna starfandi utan heimilis í þéttbýli árið 1976 var 30,6 klst. á viku en 34 klst. á viku árið 1984. Meðalvinnutími maka í þéttbýli árið 1976 var hins vegar 52,9 klst. á viku en 47,4 klst. á viku árið 1984.

Vinnutíminn á heimilunum árið 1984 var yfir heildina lengri hjá konum en körlum bæði virka daga og um helgar. Meðaltalsvinnutími á heimilinu í seinni könnuninni var lengstur hjá konum í dreifbýlinu 38 klst. á viku, en stystur í Reykjavík 18 klst. á viku. Stystum tíma virtust makarnir í Reykjavík og á Patreksfirði eyða í heimilisstörf og barnauppeldi árið 1984, um 10 klst. á viku, en lengstur var vinnutíminn á Egilsstöðum um 17 klst. á viku. Árið 1976 störfuðu flestar konurnar (39 konur) 45-74 klst. á viku við heimilisstörf og barnauppeldi en árið 1984 eyddu flestar þeirra (92 konur) 1-29 klst. á viku í þau störf.

Samanlagður vinnutími kvennanna utan heimilis árið 1984 og á heimilinu var að meðaltali 58 klst. á viku, en makanna 53 klst.

Verkaskipting kynja á heimilinu árið 1984 kom í flestum tilvikum þannig út að konurnar sáu frekar eða alltaf um umönnun barna, matargerð, matarinnkaup, uppvask, þvott á fatnaði, ræstingu og hreingerningu á íbúðinni. Makarnir sáu hins vegar oftast frekar eða alltaf um umhirðu bifreiðar og smáviðgerð á húsnæðinu. Jöfnust var verkaskipting þeirra varðandi uppvask (í 32,6% tilvika) og að háttu og klæða börnin (29,2%). Ekki höfðu miklar breytingar átt sér stað að þessu leyti á þessum átta árum.

Tekjur

Flestar konurnar voru með tekjur á bilinu 10.000-20.000 kr. á mánuði árið 1984 eða 52% þeirra. Makarnir voru hins vegar flestir með 20.100-25.000 á mánuði eða 18%. 24,1% makanna voru með 30.100 eða meira á mánuði í tekjur en 1,5% kvennanna. Hæstu mánaðarlaun konu voru 39.600 en maka 100.000. Konur í þéttbýli voru að meðaltali með 47-63% af

mánaðartekjum makanna árið 1984. Árið 1976 voru þær hins vegar með 40-50% af mánaðartekjum makanna.

Árið 1984 fengu 44 konur greidda yfirborgun og 23 makar. Bílastyrki fengu 15 konur og 28 makar.

Aðrar greiðslur til kvennanna árið 1984 voru í flestum tilvikum meðlög, mæðralaun eða barnalífeyrir ef, um aðrar greiðslur var að ræða.

35% kvennanna töldu árið 1984 að ráðstöfunartekjur sínar dygðu samilega og 24,7% naumlega. Konur með tekjur á bilinu 15.100-20.000 svöruðu hlutfallslega oftast að ráðstöfunartekjurnar dygðu mjög illa eða illa. Konur með 25.100 eða meira voru mun ánægðari með ráðstöfunartekjur sínar en þær sem voru með lægri tekjur á mánuði.

Daggæsla

Niðurstöður seinni könnunarinnar sýndu að algengasta daggæsluformið var leikskóli (15%), leikskóli og dagamma (14%) eða ýmis önnur ráð (29%), t.d. að barnið/börnin væru heima hjá föður og ömmu, hjá föður og í skóla, í vinnunni hjá svaranda. Var þetta þó eitthvað breytilegt eftir stöðum. Árið 1976 var algengast að barnið/börnin væru ein heima eða með öðrum (33,3%), hjá dagmömmu (15,7%) eða hjá ömmu sinni (15,7%). 41,4% barnanna voru hjá dagmömmu, í leikskóla, á dagheimili eða á gæsluvelli árið 1976 en 59,8% árið 1984. 9,6% kvennanna purftu að nota sér ýmis önnur ráð árið 1976 en 29,3% kvennanna í seinni könnuninni.

Tómstundir

30% kvennanna vörðu 8-25 klst. í tómstundir á viku árið 1984. Flestar þeirra eyddu 6-11 klst. fyrir framan sjónvarpið, 0-6 klst. í það að hlusta á útvarpið og 0-3 klst. í dagblaðalestur á viku. 14% kvennanna sögðust nota sér myndbandstæki og vörðu þær flestar 1-3 klst. á viku í það. Um 12% kvennanna sögðust eiga myndbandstæki. Árið 1976 virtust tómstundir kvennanna almennt vera færri en í seinni könnuninni.

107 konur voru virkir þátttakendur í einhvers konar félagsstarfssemi og voru flestar þeirra í kvenfélögum. Árið 1976 voru 120 konur virkir þátttakendur í félagsstarfssemi og flestar þá einnig í kvenfélögum.

22 konur (7,3%) störfuðu í opinberum nefndum á vegum sveitarfélags síns árið 1984 og voru þær t.d. í bókasafnsnefnd, hreppsnefnd og barnaverndarnefnd. Árið 1976 voru 10,2% kvennanna í opinberum nefndum og voru þær í svipuðum nefndum og konurnar í seinni könnuninni.

Viðhorf

Árið 1984 álitu 66% kvennanna einhvers konar fræðslu æskilega fyrir heimavinnandi einstaklinga, en árið 1976 voru um 80% á þeirri skoðun.

49,3% kvennanna töldu æskilegt árið 1984 að konur í sambúð (með börn) stundi vinnu utan heimilis. Árið 1976 var hlutfallið 38% og 42,6% kvennanna álitu slíkt óæskilegt þá.

68% svarenda árið 1984 sögðu starfsþjálfun kvenna myndu auka sókn sambúðarkvenna í störf utan heimilis. Hlutfallið var svipað árið 1976 (69%). 67% kvennanna árið 1984 sögðu örugga barnagæslu myndu auka sóknina, en árið 1976 voru 72,5% kvennanna á þeirri skoðun.

Árið 1984 álitu 65% kvennanna að konur vildu taka á sig fjárhagsábyrgð til jafns við karla, en árið 1976 svöruðu 43,3% kvennanna að konur vildu taka á sig sömu ábyrgð.

83,7% svarenda árið 1984 töldu að stúlkur og piltar ættu að fá sams konar uppeldi án tillits til kyns, en 81% kvennanna voru á þeirri skoðun árið 1976.

Árið 1984 voru um 60% kvennanna á þeirri skoðun að konur og karlar væru jafn hæf til barnauppeldis og 19,3% álitu annað kynið vera hæfara. Árið 1976 töldu um 65% kvennanna kynin vera jafn hæf og um 11% þeirra sögðu annað kynið vera hæfara.

53,7% svarenda áleit konur og karla hafa sömu námsaðstöðu árið 1984, en 62% árið 1976.

Árið 1984 töldu 75% kvennanna jafnrétti kynja ekki ríkja á vinnumarkaðinum í dag varðandi vinnu og 79,3% þeirra varðandi laun. Mun færri konur voru á þessari skoðun árið 1976 eða 56% kvennanna varðandi vinnu og 51,4% varðandi laun.

Spurt var um álit kvennanna á tímabundnum forréttindum handa konum (jákvæða mismunun) varðandi störf/starfsveitingar og töldu 52% þeirra slík forréttindi vera óæskileg. Þessi spurning var ekki inni í könnun Kvennaársnefndar.

Fylgiskjal III.

STAÐREYNDIR UM STÖÐU KVENNA

Á VINNUMARKAÐNUM.

Esther Guðmundsdóttir og
Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir
tóku saman.

Útgefandi: Framkvæmdanefnd um launamál kvenna.
Vélritun: Helga Einarsdóttir.
Teikningar: Sólveig Hinriksdóttir.
Fjölritun: Fjölritunarstofa Daníels Halldórssonar.
Reykjavík: Maí 1985.

INNGANGUR.

Allt fram til ársins 1961 var leyfilegt í sumum tilvikum að greiða konum lægri laun en körlum fyrir sömu störf en þá voru sett lög um launajöfnuð karla og kvenna, en samkvæmt þeim skyldu laun kvenna hækka í áföngum á árunum 1962-1967 til jafns við laun karla fyrir sömu störf í almennri verkakvennavinnu, verksmiðjuvinnu og verslunar- og skrifstofustörfum og skyldi fullum launajöfnuði náð 1. janúar 1967. Árið 1976 voru síðan sett lög um jafnrétti kvenna og karla þar sem m.a. er kveðið á um að þeim skuli greidd sömu laun fyrir "jafnverðmæt og sambærileg störf". Þar með var fullu lagalegu jafnrétti kynjanna náð á vinnumarkaðnum. Þrátt fyrir þessa lagasetningu ríkir enn töluverður launamunur milli kynja, misjafnlega mikill þó eftir aðstæðum.

Konur hafa ítrekað lýst því yfir að þær telji hlut sinn fyrir borð borinn í launamálum. Hefðbundin kvennastörf séu mun lægra metin en hefðbundin karlastörf og þar sem konur og karlar vinni sömu störf beri karlar mjög oft meira úr bótum en þær. Stofnun Framkvæmdanefndar um launamál kvenna haustið 1983 var því svar kvenna við þeirri óánægju sem ríkti þeirra á meðal með kjör sín á vinnumarkaðnum. Konur úr ýmsum áttum bundust samtökum um að gera átak og rétta hlut sinn. Að tilstuðlan Framkvæmdanefndarinnar var fljótlega hafist handa um söfnun tiltækra upplýsinga sem varpað gætu ljósi á stöðu kvenna í launamálum hér á landi og þá sérstaklega hvort og hve mikill launamunur ríkti milli kynja. Var undirrituðum falið þetta verkefni.

Það var ekki hugmyndin að gera nýjar kannanir heldur að vinna úr því efni sem fyrir lá. Efnisöflun og úrvinnsla fór að mestu leyti fram á tímabilinu október-deember 1983. Þá um áramótin voru lagðar fram bráðabirgðaniðurstöður og á grundvelli þeirra var útbúinn líftill blöðungur með nokkrum staðreyndum um stöðu kvenna á vinnumarkaðnum sem dreift var á vinnustaði og víðar. Þar sem von var á nýjum upplýsingum um þessi mál þ.á.m. niðurstöðum launakönnunar Kjararannsóknarnefndar var ákveðið að biða með að ljúka skýrslugerðinni um sinn. Meðal annars af þeim sökum hefur útkoma hennar dregist.

Við gerð þessarar skýrslu hefur verið leitað fanga víða og er hér með komið á framfæri þökkum til þeirra mörgu aðila, sem lögðu

lið við útvegum þeirra. Er hér bæði um ritaðar heimildir að ræða og óbirt efni af ýmsu tagi. Spannar það einkum tímabilið 1980-1984. Helstu heimildir eru þessar:

- Fréttabréf Kjararannsóknarnefndar, sem gera vinnutíma og launum verkamanna og verkakvenna, iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofufólks skil.
- Könnun Kjararannsóknarnefndar frá vetrinum 1983-1984.
- Rit Framkvæmdastofnunar ríkisins um vinnumarkaðinn fyrir árin 1980-1982 og byggð eru á vinnslu upplýsinga af launamiðum.
- Efni frá Þjóðhagsstofnun um atvinnuþátttöku og meðal- atvinnutekjur skv. skattframtölum. Svo og niðurstöður athugunar á launakjörum háskólamenntaðra manna á árinu 1983.
- Launakönnun Hagstofu Íslands, 1984.
- Ýmiss gögn frá launþegasamtökunum.
- Jafnréttiskannanir á vegum sveitarfélaga o.fl.

Úr fyrirbyggjandi gögnum hafa verið unnar margvíslegar töflur og myndir, sem sýna samanburð kvenna og karla með tilliti til atvinnuþátttöku, vinnutíma, starfa og síðast en ekki síst launa. Er áhersla lögð á að töflur og myndir tali sínu máli með þeim skýringum sem þeim fylgja en jafnframt er reynt að draga fram í texta það helsta sem þar kemur fram. Hér er því aðallega um safn staðreynda að ræða án þess að lagt sé mat á það svo heitið geti.

Skýrslan skiptist í fjóra aðalkafla, atvinnuþátttöku, vinnutíma, störf og laun. Í viðauka er m.a. greint frá þróun laga er varðar launajafnrétti kynja og birt er yfirlit um þátttöku kvenna og karla í hinum ýmsu hagsmunasamtökum.

Verður hér gerð grein fyrir helstu niðurstöðum.

Atvinnuþátttaka.

Á undanförunum árum hefur atvinnuþátttaka kvenna farið stöðugt vaxandi og er nú svo komið, að um 80% kvenna hafa einhverjar launatekjur, en 67% kvenna á aldrinum 15-74 ára eru virkar í atvinnulífinu, þ.e. vinna sem svarar 14 vikum eða meira á ári. Atvinnuþátttaka nær hámarki hjá giftum konum á aldrinum 45-49 ára en hjá körlum á aldrinum 35-49 ára. Athyglisvert er, að atvinnuþátttakan er mjög svipuð hjá giftum og ógiftum konum - en hvað landshluta snertir er hún heldur meiri utan Reykjavíkur en í höfuðborginni.

Fullt starf - hlutastörf - vinnutími.

Hlutastörf eru mun algengari hjá konum en körlum og árið 1982 voru 63% þeirra kvenna sem voru á vinnumarkaðinum í hlutastarfi en 37% í fullu starfi (40 vikur eða meira á ári).

Vinnutími kvenna utan heimilis er almennt styttri, eins og reyndar tölurnar um hlutastörfina bera með sér. Yfirvinna er fátíðari hjá konum (nema þeim sem vinna vaktavinnu). Á undanförunum árum hefur meðalvinnutími verkakvenna í fullu starfi verið á bilinu 43-44 klst. á viku en 51-54 hjá verkamönnum. En vinnudagur kvenna er ekki styttri en karla þegar á heildina er litið. Samkvæmt Jafnréttis-könnun í Reykjavík veturinn 1980-1981 kom fram að þegar lagður var saman vinnutími fólks heima og heiman var heildarvinnutíminn síst styttri hjá konum en körlum. Þar kom einnig fram að þáttur karla í heimilisstörfunum var litlu meiri, þegar konurnar voru í fullu starfi eða hálfu en þegar þær voru alveg heima.

Störf.

En hvaða störfum gegna konurnar á vinnumarkaðnum? Hér á landi sem víðast annars staðar einkennist vinnumarkaðurinn af tvískiptingu sem felst í því að annars vegar eru störf sem krefjast góðrar starfsþjálfunar, veita góð laun, atvinnuöryggi og framavonir. Hins vegar eru störf sem krefjast lítillar starfsþjálfunar, veita lág laun, litlar framavonir og í þeim er mikil hreyfing á fólki. Sú staðreynd, að fyrri hópin fylli einkum karlar og þann síðari einkum konur er sjálfsagt engin tilviljun.

Með aukinni atvinnuþátttöku og menntun kvenna á síðustu árum hefur

starfssvið þeirra breikkað og konur hasla sér nú völl á æ fleiri sviðum. Af þeim gögnum sem fyrir liggja er þó ljóst að mjög stór hluti kvenna er annað hvort í ófaglærðum störfum eða almennum þjónustu- eða skrifstofustörfum. Lítil hluti þeirra er í störfum sem krefjast starfsmenntunar eða veita mannaforráð.

Laun.

Niðurstaðan af samanburði á launum kvenna og karla á grundvelli fyrirbyggjandi gagna sýnir svo ekki verði um villst að verulega hallar á konurnar í launum.

Í þessari athugun hafa laun kynjanna verið borin saman á ýmsa vegu. Til að fá fram sem raunhæfasta mynd og til að draga úr þeim áhrifum sem hlutastörf kvenna og lengri vinnutími karla en kvenna geta haft á launamuninn hefur verið kappkostað t.d. að miða við þá sem eru í fullu starfi og við dagvinnulaun eftir því sem heimildirnar leyfa.

- Borin hafa verið saman dagvinnulaun (með eða án bónus) og einnig meðaltímakaup kvenna og karla meðal nokkurra starfsstétta eins og verkafólks, verslunar- og skrifstofufólks og skoðað bæði með tilliti til höfuðborgarsvæðisins og utan þess.
- Þá var athugað hvernig skiptingu kynja er háttað eftir launaflokkum og í sumum tilvikum einnig eftir störfum hjá ríki, borg, bæjarfélögum og bönkum.
- Til eru ítarlegar upplýsingar um meðallaun á ársverk og hefur verið gerður samanburður á þeim eftir kynjum með hliðsjón af aldri þeirra og hjúskaparstöðu, atvinnugreinum og kjördæmum (ársverk samsvarar fullu starfi í 52 vikur).
- Bornar hafa verið saman atvinnutekjur karla og kvenna skv. skattframtölum eftir vinnuframlagi og atvinnustéttum.
- Borin hafa verið saman laun kynja eftir menntun og störfum.

- Ennfremur hafa laun háskólamenntaðra kvenna og karla verið skoðuð bæði þeirra sem starfa hjá ríkinu og hinna sem starfa á einkamarkaði.
- Loks má nefna, þó ekki sé þar með allt upp talið, að athugaður var hlutur kvenna í fastri yfirvinnu hjá hinu opinbera svo og hlutdeild þeirra í svokölluðum bíla-
styrkjum.

Launamunurinn sem fram kemur við allan þennan samanburð er mismunandi mikill eftir atvikum. Skulu hér tekin nokkur dæmi:

- Árið 1983 vantaði 7% á að verkakonur hefðu sambærilegt meðaltíma kaup og verkamenn, en miðað við hreint tíma-
kaup í dagvinnu (án bónus) var munurinn 13% en með
bónus minnkaði hann í 2%.
- Samkvæmt launakönnun Kjararannsóknarnefndar á launakjörum
meðal 14 aðildarfélaganna ASÍ í lok árs 1983 voru meðaldag-
vinnutekjur fullvinnandi karla um 16% hærri en kvenna.
Þá reyndust 44% fullvinnandi kvenna vera með dagvinnu-
tekjur undir 13 þús. kr. á mánuði samanborið við 21%
karla.
- Árið 1983 voru karlar við verslunarstörf með 29% herra
dagvinnukaup en konur.
- Árið 1983 voru karlar við skrifstofustörf með 30% herra
dagvinnukaup en konur.
- Meirihluti kvenna sem starfa hjá ríkinu, bæjarfélögum
og bönkum eru í launaflokkum um eða undir miðju launa-
stiganna.
- Meðallaun kvenna á ársverk eru hæst hjá ógiftum konum
25-44 ára og samsvara þau meðallaunum 15-19 ára pilta,
65-69 ára ókvæntra karla og 70-74 ára kvæntra karla. (1982)
- Konur ná hæstu hlutfalli af meðallaunum karla á ársverk
í landbúnaði eða 86% en þar eru meðaltekjur karla lang-
lægstar (1982).

- Árið 1982 voru meðalatvinnutekjur kvenna skv. skattframtölum 82 þús.kr. en karla 171 þús.kr. eða tvöföld laun kvenna. Aðeins 5,5% kvenna náðu þessum meðaltekjum karla.
- Af 19 atvinnustéttum framteljenda í fullu starfi árið 1982 náðu konur hæstu hlutfalli af launum karla í atvinnustéttinni kennarar og skólastjórar eða 69%.
- Meðalárstekjur kvenna í fullu starfi sem starfa á sjúkrahúsum, elliheimilum og barnaheimilum voru 136 þús.kr. eða 46% af meðaltekjum karla í sömu stétt.
- Meðal starfsmanna á einkamarkaði er launamunur kynja fyrir dagvinnu meiri hjá þeim háskólamenntuðu en hinum sem ekki hafa slíka menntun eða 47% á móti 37% skv. könnun Hagstofu Íslands árið 1984.
- "Heildarlaun" félagsmanna BHM skv. skattframtölum og eru í fullu starfi eru lægst í þeim félögum, þar sem konur eru meirihluti félagsmanna skv. könnun Þjóðhagstofnunar fyrir árið 1983.
- Háskólamenntaðar konur í níu aðildarfél. BHM¹⁾ og starfa hjá hinu opinbera eru með 68-83% af "heildarlaunum" háskólamenntaðra karla í þeim félögum en hér er eingöngu um starfsmenn í fullu starfi að ræða.
- Árið 1982 voru konur 15% þeirra opinberra starfsmanna sem fengu greidda fasta yfirvinnu. Fengu konur að meðaltali 13 þús.kr. en karlar 25 þús.kr.
- Þá voru konur 13,7% þeirra opinberra starfsmanna sem fengu greiðslu vegna bifreiða sinna árið 1982. Konur að meðaltali 6 þús.kr. en karlar 15 þús.kr.

Það vantar ekki að heimildirnar gefi til kynna verulegan launamun kynja eins og dæmin hér að framan sýna og er ljóst að það gildir einu hvort um faglærða eða ófaglærða er að ræða, háskólamenntaða eða þá sem minni menntun hafa. Konurnar standa ávallt höllum fæti.

¹⁾ Önnur félög hér ekki meðtalin vegna fæðar annars hvors kyns.

Þó heimildirnar veiti mjög mikilvægar upplýsingar um hve mikill launamunur ríkir milli kynja er þeim takmörk sett með að brjóta hann til mergjar. Þær svara yfirleitt ekki spurningunni um hvernig samsetningu launanna er háttað svo fullnægjandi sé (nýjustu kannanir fara reyndar nokkuð inn á þá braut) svo að hægt sé að sjá hvert rekja megi launamuninn. Að hve miklu leyti það sé vinnutíminn, lengd starfsaldurs og menntun, mismunandi störf kvenna og karla og röðun þeirra á launaflokka, yfirvinnu-greiðslur (þ.e. föst yfirvinna) yfirborganir og aðrar greiðslur umfram samningsbundna taxta sem skýri launamuninn svo dæmi séu tekin um þau atriði sem helst hafa verið nefnd til skýringar á launamuni kynjanna.

Í Noregi hafa menn reynt að nálgast launamuninn með athugun sem þar var gerð meðal hinna starfandi. Þar í landi eru laun kvenna 70% af launum karla. Niðurstaða könnunarinnar var sú að menntun skýrði fjórðung launamunarins, aldur, starfsaldur og starfsreynsla annan fjórðung og tegund starfsins og starfssvið enn einn fjórðung en svo var ekkert getið um þann fjórðung sem á vantaði. (13) Spurningin er hvort hann nái til mismunar á grundvelli kyns? Væri fróðlegt að sjá niðurstöður af sambærilegri könnun hér á landi.

Á Alþingi árið 1984 lýsti forsætisráðherra, Steingrímur Hermannsson, sig reiðubúinn að beita sér fyrir gerð samanburðarkönnunar á launakjörum kvenna og karla í samráði við aðila vinnumarkaðarins þar sem leitað væri eftir upplýsingum um heildarlaun og samsetningu þeirra í einstökum atriðum svo og um starfshlutfall, starfsheiti, starfsaldur, skólagöngu o.fl. Ætti slík könnun að geta sýnt fram á í hverju launamunur kynja er fólgin en með þá vitneskju yrði hægt að vinna meira markvisst að bættri stöðu kvenna í launamálum hér á landi.

Esther Guðmundsdóttir
Guðrún Sigríður Vilhjálmsdóttir.

Vinnutími heima og heiman.

Eins og fram hefur komið hér á undan vinna konur styttri vinnudag en karlar utan heimilis. En vinnuframlag kvenna innan heimilis er mun meira en karla. Þegar vinnutími heima og heiman er skoðaður kemur í ljós að heildarvinnutími kvenna er síst styttri en karla.

Meðal þess sem fram kemur í könnun Jafnréttisnefndar Reykjavíkur er að:

- Meiri tíma er varið í heimilisstörf eftir því sem fjölskyldan er stærri.
- Meðalvinnutími kvenna (í sambúð) á heimili var rúmar 33 stundir en karla rúmar 6 stundir á viku.
- Vinnuframlag eiginkvenna til heimilisstarfa var:
51 klst. á viku væri hún ekki á vinnumarkaðinum
34 " " " væri hún í hlutastarfi
22 " " " væri hún í fullu starfi.
- Vinnuframlag eiginmanns til heimilisstarfa var:
5 klst. á viku væri eiginkonan heima
6 " " " væri eiginkonan í hlutastarfi
7 " " " væri hún í fullu starfi utan heimilis.
- Um fjórðungur kvenna og karla unnu í 51-60 klst. samanlagt heima og heiman en í 61 klst. eða meira unnu 30% kvenna á móti 24% karla. (8)

Á Egilsstöðum var meðalvinnutími í atvinnulífi og við heimilisstörf hjá konum sem voru í hlutastörfum 63,0 klst. á viku, hjá konum í fullu starfi 75,2 klst. á viku og hjá mökum þessara kvenna 64,6 klst. á viku. (4)

JAFNRÉTTI — EÐA HVAD?

Formáli

Rit það sem hér birtist, er að mestu leyti unnið upp úr skýrslu Kristins Karlssonar félagsfræðings „Vinumarkaðurinn á Akureyri og atvinnuþátttaka kvenna“. Hún var gerð að tilhlutan jafnréttisnefndar Akureyrar árið 1983.

Tilgangurinn með útgáfu þessa rits er að setja fram helstu niðurstöður úr skýrslunni á eins aðgengilegan hátt og framast þótti unnt, m.a. með það í huga að hentaði til jafnréttisfræðslu í skólum. Einnig að stuðla að frekari umræðu á vinnustöðum og innan stéttarféлага um það ástand á vinnumarkaðinum á Akureyri, sem skýrslan greinir frá, og tengja það við jafnréttisbaráttuna í heild.

Í þessu riti er fjallað um allar helstu niðurstöður skýrslunnar. Reynt hefur verið að gera samanburð milli kynja sem auðveldastan. Einnig hefur verið lögð áhersla á að tengja vinnumarkaðinn við þá vinnu sem unnin er á heimilunum. Skýrar myndskreytingar Sigrúnar Eldjárn myndlistarkonu eru vel til þess fallnar að auðvelða lesendum skilning á efni ritsins. Í lok hvers kafla eru settar fram spurningar í þeim tilgangi að vekja umræðu. Jafnréttisnefndin vonar að þetta rit megi koma að gagni til fræðslu og til að vekja almenna umræðu um jafnréttismál.

Jafnréttisnefnd Akureyrar þakkar eftirtöldum einstaklingum fyrir aðstoð við útgáfuna: Kristni Karlssyni, Valgerði Magnúsdóttur, Guðrúnu Hallgrímsdóttur, Sigrúnu Eldjárn og Erlingi Sigurðarsyni.

Jafnréttisnefnd Akureyrar í maí 1984.

A. Karólína Stefánsdóttir
Tóu Mr. Sólves *Ólafur Arnason*
Steinar Þorsteinsson *Bergljót Rafnar*

I. 2. Helstu niðurstöður könnunar Jafnréttisnefndarinnar

Síðustu ár hefur mjög færost í vöxt að konur vinni utan heimilis. Nú er svo komið að um 85% kvenna á Akureyri vinna eitthvað utan heimilis, á móti rúmlega 96% karla. Þetta er 4% yfir landsmeðaltali fyrir bæði kynin. Fjöldi kvenna í atvinnulífinu hefur meira en tvöfaldast síðan 1960. Vinnuframlag kvenna er þó minna en karla. Þær sækja meira í árstíðabundin störf og hlutastörf. 80.9% karla og 43.3% kvenna vinna meira en sem nemur 27 vikum á ári. Ef heimilisstörf eru meðtalin, þá snýst þetta hlutfall við. Þá er vinnutími kvenna að jafnaði lengri en vinnutími karla.

Skipting í karlastörf og kvennastörf er augljós. Mikill hluti kvenna vinnur við allskonar þjónustustörf, verslunarstörf, vefjar-, skó- og fataiðnað og svo fiskiðnað. Það sama á við um skiptingu fólks í vinnustéttir. Þar eru konurnar fleiri í röðum ófaglærðs fólks og verslunar- og skrifstofufólks. Karlar eru mun fleiri en konur í stéttum eigenda, sérfræðinga og stjórnenda og í stétt faglærðra. Tveir af hverjum fimm körlum eru í störfum sem krefjast sérmenntunar eða fela í sér mannaforráð (svokölluðum ábyrgðarstöðum), en aðeins ein af hverjum tíu konum.

Mikill launamismunur er milli karla og kvenna. Karlar hafa að jafnaði 49% hærri laun en konur. Laun eru þá umreiknuð og miðuð við fullt starf allt árið. Meðtalinn er sá hluti launa sem fenginn er fyrir yfirvinnu. Raunverulegur launamismunur er að sjálfsögðu miklu meiri. Meðallaun kvenna eru meira að segja lægri en meðallaun unglingspíla og karla á eftirlaunum. Það er þó athyglisverðast að launamismunur kynjanna eykst með aukinni menntun. Hann er minnstur hjá verkafólki.

Hverjar eru þá ástæður þessa mikla launamunar? Lögum samkvæmt eru greidd sömu laun fyrir sömu störf. T.d. hefur kona sem er kennari sömu laun og karl í sömu stöðu. En kennarastétt er orðin kvennastétt og láglaukastétt um leið. Þar er ef til vill kominn hluti af skýringunni. Kvennastörf eru minna metin en karlastörf og þau eru lægra launuð en sambærileg karlastörf. Konur eru einnig í lægri launaflokkum en karlar innan sömu starfsstéttar. Þær vinna mun minni yfirvinnu og eru sjaldnast í ábyrgðarstöðum.

Niðurstöður könnunarinnar bera þess merki að enn er litið á karla sem fyrirvinnur heimilanna og konur sem varavinnuafli. Þar hefur lítil breyting orðið á síðan 1960, þegar staða konunnar var nær eingöngu á heimilinu. Heimilisstörfin og uppeldi barnanna er enn að mestu leyti á ábyrgð konunnar, og vinna hennar utan heimilisins kemur sem viðbót.

Konur eru háðar gæslu fyrir börnin sín til að geta unnið utan heimilis. Þær sækja í hlutastörf og störf sem krefjast ekki of mikillar fjarveru frá heimilinu eða ábyrgðar, til viðbótar við þá ábyrgð sem þær bera fyrir. Þetta virðist vera meginorsök þess hve staða kvenna í atvinnulífinu er ótrygg.

Aukin vinna kvenna utan heimilis kemur mest niður á börnunum, eins og allar aðstæður eru nú. Könnunin leiðir í ljós að einungis 26% barna undir skólaaldri njóta dagvista eða viðurkenndra dagmæðra. Af þessum börnum er rúmlega helmingur á leikskólum. Vist á leikskóla gefur móður einungis kost á að vinna hlutastarf. Þessi mikli skortur á dagvistarrými er alvarlegur þegar hafður er í huga hinn mikli fjöldi útivinnandi mæðra hér á Akureyri. Ekki bætir úr skák að samkvæmt könnuninni vinna kvæntir karlar meira en ókvæntir og vinnuframlag kvæntra karla á heimilinu er lítið. Ekkert bendir til þess að á því séu að verða verulegar breytingar.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að nauðsynlegt er að stjórnvöld taki mið af þörfum fjölskyldunnar og breyttri þjóðfélagsstöðu kvenna. Það þarf að móta raunhæfa stefnu í jafnréttismálum kynjanna og fjölskyldupólitík. Það er til dæmis hægt að gera með sveigjanlegum vinnutíma, samfelldum skóladegi, lengra fæðingarorlofi og fleiri dagvistum. Börnin eru framtíð samfélagsins, og samfélagið hlýtur þess vegna að vera ábyrgt ásamt foreldrunum fyrir heilbrigði þeirra og þroskamöguleikum.

Fylgiskjal V.

Úr fréttabréfi kjararannsóknarnefndar,
2. ársfjórðungur 1985.

1.1

Helstu niðurstöður Fréttabréfsins.

Á tímabilinu frá 2. ársfjórðungi 1984 til 2. ársfjórðungs 1985 var áætlað að kauptaxtar þeirra starfsstétta sem upplýsingar Fréttabréfsins ná til hafi hækkað um 27.8%. Tímakaup þessara stétta fyrir dagvinnu samkvæmt úrtaksathugun hækkaði hins vegar um 34.3% sem er 5.0% umfram taxa, en þó mjög mismunandi eftir stéttum.

	Hækkun kaups	Hækkun taxta	Hækkun umfram taxta	Hækkun meðal- tímak.
Verkamenn	30.9%	26.1%	3.8%	33.7%
Iðnaðarmenn	34.6%	30.2%	3.4%	36.8%
Verkakonur	26.3%	25.3%	0.8%	31.9%
Afgr.störf, karlar	36.9%	29.9%	5.4%	36.8%
Afgr.störf, konur	30.0%	29.9%	0.0%	33.5%
Skrifst.st., karlar	47.3%	29.9%	13.4%	47.8%
Skrifst.st., konur	40.5%	29.9%	8.1%	41.3%
Vegið meðaltal	34.3%	27.8%	5.0%	36.9%

Vinnutími jókst hjá öllum starfsstéttum nema verkamönnum og verkakönnum frá 2. ársfjórðungi 1984.

- Þó tímakaupstölurnar hér að ofan sýni töluverðar hækkanir umfram taxa hjá verslunar- og skrifstofufólki, miðað við heilt ár, benda tölur frá 1. og 2. ársfjórðungi 1985 til þess að hið svokallaða launaskrið þessara hópa sé að nokkru leyti gengið til baka.

Kaupmáttur tímakaups í dagvinnu að viðbættum bónus breyttist lítið hjá verkamönnum, verkakönnum og iðnaðarmönnum miðað við 1. ársfjórðungi 1985.

- Miðað við framangreindar upplýsingar hafa breytingar vikutekna fullvinnandi fólks að yfirvinnu meðtalinni verið eftirfarandi á tímabilinu:

	Viku- tekjur á 2. ársfj. 1984	Viku- tekjur á 2. ársfj. 1985	Breyting
Verkamenn	5.628	7.805	38.7%
Iðnaðarmenn	7.183	10.274	43.0%
Verkakonur	4.649	6.308	35.7%
Afgr.störf, karlar	5.452	7.604	39.5%
Afgr.störf, konur	4.175	5.747	37.7%
Skrifst.st., karlar	6.388	9.555	49.6%
Skrifst.st., konur	4.645	6.644	43.0%

Kaupmáttur lífeyristryggingabóta hefur ekki breyst mikið frá 4. ársfjórðungi 1984, en þó heldur kaupmáttur elli- og örorkulífeyris að viðbættri tekjutryggingu áfram að aukast jafnt og þétt.

2.1

Athugasemdir við tímakaup verkafólks,
iðnaðarmanna og verslunar- og skrifstofufólks,
á 2. ársfjórðungi 1985.

Á tímabilinu frá 2. ársfjórðungi 1984 til 2. ársfjórðungs 1985 hækkuðu almennir kauptaxtar verkafólks og iðnaðarmanna 7 sinnum.

1. Þann 1. júní hækkuðu laun um 2% skv. kjarasamningum frá 21. febrúar.
2. Þann 1. september átti að koma til 3% launahækkun skv. kjarasamningum frá 21. febrúar. Mörg félög innan ASÍ sögðu samningnum upp og fengu því ekki þessa hækkun. Áætlað hefur verið að 20% verkamanna og verkakvanna, 65% iðnaðarmanna og 90% verslunar- og skrifstofufólks hafi fengið 3% hækkun launa.
3. Þann 6. nóvember var gengið frá kjarasamningi ASÍ og VSÍ. Samkvæmt honum er áætlað að verkamenn og verkakonur hafi fengið 12,5% launahækkun, iðnaðarmenn 12,9% og verslunar- og skrifstofufólk 12,8%.
4. Þann 1. janúar urðu laun eftir 1. ár að byrjunarlaunum í öllum launaflokkum og reiknast umsamdar starfsaldurshækkanir á þann grunn. Jafnframt fluttust öll starfsheiti upp um 1 launaflokk. Áætlað hefur verið að þessar hækkanir hafi numið 4,9% fyrir verkamenn, 4,4% fyrir verkakonur, 5% fyrir iðnaðarmenn og 4,6% fyrir verslunar og skrifstofufólk.
5. Þann 1. mars fluttust öll starfsheiti upp um 1 launaflokk, hækkanir voru 2,4% fyrir verka- og iðnaðarmenn, en 2,3% fyrir verkakonur og verslunar og skrifstofufólk.
6. Þann 1. maí fluttust öll starfsheiti upp um einn launaflokk, hækkanir voru 2,4% hjá verka- og iðnaðarmönnum, en 2,3% hjá verkakonum og verslunar- og skrifstofufólki.
7. Þann 15. júní voru undirritaðir nýir kjarasamningar ASÍ og VSÍ. Hækkanir vegna þessa samnings þann 15. júní voru áætlaðar 8,2% fyrir verkamenn, 8,6% fyrir verkakonur, 5% fyrir iðnaðarmenn og 5,9% fyrir verslunar- og skrifstofufólk, eða 7% að meðaltali fyrir alla ASÍ félaga.

Samkvæmt framansögðu er áætlað að kauptaxtar hafi hækkað þannig frá 2. ársfjórðungi 1984 til 2. ársfjórðungs 1985.

	<u>Vog</u>	<u>Taxtahækkun</u>
Verkamenn	33	26.12
Iðnaðaramenn	19	30.21
Verkakonur	19	25.25
Versl-/skrifst.f.	29	29.94
	100	27.84

Hreint tímakaup í dagvinnu hjá verkamönnum hækkaði úr kr. 87.66 í kr. 114.77 á þessu tímabili, eða um 30.9%. Þessi hækkun er 3.8% umfram áætlaða taxtahækkun. Meðaltímakaup verkamanna hækkaði úr kr. 111.23 í kr. 148.67 á sama tíma, eða um 33.7%.

Hreint tímakaup iðnaðarmanna hækkaði úr kr. 118.57 í kr. 160.96 eða um 34.6% frá 2. ársfjórðungi 1984 eða um 3.4% umfram taxta. Meðaltímakaup iðnaðarmanna hækkaði á sama tímabili úr kr. 143.37 í kr. 196.06 eða um 36.8%.

Hreint tímakaup verkakvanna hækkaði úr kr. 78.58 í kr. 99.22 á tímabilinu eða um 26.3%. Þessi hækkun er um 0.8% yfir áætlaðri taxtahækkun. Meðaltímakaupið hækkaði úr kr. 104.00 í kr. 137.13 eða um 31.9%.

Hreint tímakaup karla við afgreiðslustörf hækkaði úr kr. 106.55 í kr. 145.86 eða um 36.9%, sem er 5.4% umfram áætlayða taxtahækkun. Meðaltímakaupið hækkaði úr kr. 119.03 í kr. 162.82 eða um 36.8%.

Hreint tímakaup kvanna við afgreiðslustörf hækkaði úr kr. 84.33 í kr. 109.62 eða um 30.0%, sem er jafnt áætlaðri taxtahækkun. Meðaltímakaupið hækkaði úr kr. 93.81 í kr. 125.20 eða um 33.5%.

Hreint tímakaup karla í skrifstofustörfum hækkaði úr kr. 145.34 í kr. 214.12 eða um 47.3%, sem er 13.4% umfram taxta. Meðaltíma-kaupið hækkaði úr kr. 155.04 í kr. 229.14 eða um 47.8%.

Hreint tímakaup kvanna í skrifstofustörfum hækkaði úr kr. 110.91 í kr. 155.82 eða um 40.5%, sem er 8.1% yfir áætlaðri taxtahækkun. Meðaltímakaupið hækkaði úr kr. 110.91 í kr. 164.87 eða um 41.3%.

Framangreindar upplýsingar eru dregnar saman í eftirfarandi töflu ásamt vegnum meðaltölum.

Hækkun tímakaups milli 2. ársfj. 1984 og 2. ársfj. 1985.

	Vog	Hreint tímak. 1985	Hækkun %	Hækkun umfr. taxta	Meðal-tímak. 1985	Hækkun %
Verkamenn	33	114.77	30.9	3.8	148.67	33.7
Iðnaðarmenn	19	160.96	34.6	3.4	196.06	36.8
Verkakonur	19	99.22	26.3	0.8	137.13	31.9
Afgr.störf, karlar	4	145.86	36.9	5.4	162.82	36.8
Afgr.störf, konur	8	109.62	30.0	0.0	125.20	33.5
Skrifst.störf, karlar	7	214.12	47.3	13.4	229.14	47.8
Skrifst.störf, konur	10	155.82	40.5	8.1	164.87	41.3
Vegið meðaltal	100	132.48	34.3	5.0	161.42	36.9

Fylgiskjal VI.

ESTHER GUÐMUNDSDÓTTIR

**KONUR
OG
STJÓRN MÁL**

Reykjavík 1983

9. Konur í trúnaðarstörfum innan sveitarstjórna

TAFLA 28

Konur í trúnaðarstöðum í kaupstöðum.

<u>Ár 1982</u>	<u>Samtals</u>	<u>þar af konur</u>	<u>%</u>
Bæjarráð/borgarráð	69	7	10.1
Forsetar bæjarstj./borgarstj.	22	4	18.2
Varaforsetar	38	8	21.1
Formenn nefnda	511	107	20.9
Nefndarmenn	2246	598	26.6

(Heimild: Handbók sveitarstjórna 18, 1982)

TAFLA 29

Formenn nefnda og stjórna á vegum sveitarfélaga, desember 1982

	<u>Samtals</u>	<u>þar af konur</u>	<u>%</u>
Kaupstaðir	511	107	20.9
Aðrir hreppar	606	146	24.1
Samtals	1117	253	22.6

- Borgarráð/bæjarráð er í öllum kaupstöðum nema á Seltjarnarnesi, auk þess er hreppsráð í 6 hreppum.
- Formenn borgarráðs/bæjarráðs/hreppsráðs eru samtals 27, þar af eru 3 konur eða 11.1%.

Í borgarráði/bæjarráðum eru samtals 69 þar af eru 7 konur eða 10.1%
 Í hreppsráðum " " 18 " " " 3 " " 16.7%
 Samtals 87 þar af " 10 " " 11.5%

Forsetar borgarstjórnar/
 bæjarstjórna eru samtals 22 þar af eru 4 konur eða 18.2%
 Oddvitar hreppsnefnda eru 192 " " " 10 " " 5.2%
 Samtals 224 þar af eru 14 konur eða 6.3%

(Heimild: Handbók sveitarstjórna 18, 1982)

TAFLA 32

Fjöldi og hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum eftir kjördæmum

<u>Ár 1982</u>	<u>Samtals</u>	<u>þar af konur</u>	<u>%</u>
1. Reykjavík	21	8	38.1
2. Vesturlandskjördæmi	197	22	11.2
3. Vestfjarðarkjördæmi	152	18	11.8
4. Norðurlandskjördæmi vestra	167	11	6.6
5. Norðurlandskjördæmi eystra	173	29	16.8
6. Austurlandskjördæmi	186	20	10.8
7. Suðurlandskjördæmi	193	24	12.4
8. Reykjaneskjördæmi	103	17	16.5
Samtals	1192	149	12.5

(Heimild: Handbók sveitarstjórna 18, 1982)

V. STJÓRN MÁLAFLOKKAR

1. Stjórn málaflokkar á Alþingi

Eftir Alþingiskosningarnar 23. apríl 1983 eiga 6 stjórn mála-
flokkar fulltrúa á Alþingi.

TAFLA 33

Fjöldi og hlutfall kvenna á Alþingi 1983 eftir stjórn málaflokkum

	Samtals <u>þingmenn</u>	<u>þar af konur</u>	<u>%</u>
Alþýðubandalag	10	1	10.0
Alþýðuflokkur	6	1	16.7
Bandalag jafnaðarmanna	4	2	50.0
Framsóknarflokkur	14	0	-
Kvennalisti	3	3	100.0
Sjálfstæðisflokkur	23	2	8.7
Samtals	60	9	15.0

Engin kona er formaður þingflokks, nema þingflokks Kvennalistans.
Þrjár konur eru varaformenn þingflokks þ.e. í þingflokki Alþýðu-
flokksins, Bandalags jafnaðarmanna og Kvennalistans.

Nokkuð mismunandi er hvernig uppbygging stjórn málaflokkanna er.

- Í Alþýðuflokki, Framsóknarflokki og Sjálfstæðisflokki eru:
 1. Almenn félög, þar sem félagar eru af báðum kynjum.
 2. Kvenfélög, félagsmenn eru eingöngu konur.
 3. Ungpólítísk félög, félagsmenn eru af báðum kynjum, en aldur þeirra er takmarkaður, t.d. við 30 eða 35 ár.
- Í Alþýðubandalagi er ekki sérstakt kvenfélag heldur hafa konur í flokknum tekið sig saman á undanförunum árum og haldið sérstaka fundi. Í Alþýðubandalagi eru því félagar af báðum kynjum í sama félagi.
- Í Bandalagi jafnaðarmanna eru félagar af báðum kynjum í sama félagi.
- Í Samtökum um kvennalista eru nær eingöngu konur.

Lög

um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Tilgangur laga þessara er að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kvenna og karla á öllum sviðum.

2. gr.

Konum og körlum skulu með stjórnvaldsaðgerðum tryggðir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar.

3. gr.

Hvers kyns mismunur eftir kynferði er óheimil. Þó teljast sérstakar tímabundnar aðgerðir, sem ætlaðar eru til að bæta stöðu kvenna til að koma á jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna, ekki ganga gegn lögum þessum. Það telst ekki mismunur að taka sérstakt tillit til kvenna vegna þungunar eða barnsburðar.

II. KAFLI

Atvinna.

4. gr.

Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.

Með „jöfnum launum til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf“ er í lögum þessum átt við launataxta sem settir eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum.

Með „kjörum“ í lögum þessum er átt við lífeyris-, orlofs- og veikindaréttindi og hvers konar önnur samningsréttindi.

5. gr.

Atvinnurekendur er óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði og gildir það m. a. varðandi:

1. Laun, launatengd fríðindi og hvers konar aðra þóknun fyrir vinnu.
2. Ráðningu, setningu eða skipun í starf.
3. Stöðuhækkun og stöðubreytingar.
4. Uppsögn úr starfi.
5. Vinnuáæstæður og vinnuskilyrði.
6. Veitingu hvers konar hlunninda.

6. gr.

Starf, sem laust er, skal standa opið jafnt konum sem körlum.

Óheimilt er að auglýsa eða birta auglýsingu um laust starf þar sem gefið er til kynna að fremur sé óskað starfsmanns af öðru kyninu en hinu.

Ákvæði þetta gildir ekki ef tilgangur auglýsandans er að stuðla að jafnari kynjaskiptingu innan starfsgreinarinnar og skal það þá koma fram í auglýsingunni.

7. gr.

Nú er umsækjandi um auglýst starf kona en það hefur verið veitt karlmanni og skal þá Jafnréttisráð, sé þess óskað, fara fram á það við hlutaðeigandi atvinnurekanda að hann veiti því skriflegar upplýsingar um hvaða menntun, starfsreynslu og aðra sérstaka hæfileika sá hefur til að bera er ráðinn var í starfið.

Sama rétt skal karlmaður, sem er umsækjandi um starf, hafa ef konu er veitt starfið.

8. gr.

Konur og karlar skulu njóta sömu möguleika til framhaldsmenntunar og/eða starfsþjálfunar og til að sækja námskeið er haldin eru til að auka hæfni í starfi eða til undirbúnings annarra starfa.

9. gr.

Atvinnurekendur skulu vinna markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan fyrirtækis síns eða stofnunar og stuðla að því að störf flokkist ekki í sérstök kvenna- og karlastörf.

III. KAFLI

Menntun.

10. gr.

Í skólum og öðrum mennta- og uppeldisstofnunum skal veita fræðslu um jafnréttismál. Kennslutæki og kennslubækur, sem þar eru notuð, skulu vera þannig úr garði gerð að kynjum sé ekki mismunað.

Við náms- og starfsfræðslu í skólum skal leitast við að breyta hinu venjubundna starfs- og námsvali kvenna og karla til samræmis við tilgang laga þessara. Menntamálaráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd þessa ákvæðis í samráði við Jafnréttisráð.

IV. KAFLI

Önnur svið.

11. gr.

Auglýsandi og sá, sem hannar eða birtir auglýsingu, skal sjá til þess að auglýsingin sé öðru kyninu ekki til minnkunar, lítilsvirðingar eða stríði gegn jafnri stöðu og jafnrétti kynjanna á nokkurn hátt.

12. gr.

Leitast skal við að hafa sem jafnasta tölu kynjanna í stjórnnum, nefndum og ráðum á vegum ríkis, sveitarfélaga og félagasamtaka þar sem því verður við komið.

V. KAFLI

Framkvæmd laganna.

13. gr.

Jafnréttisráð skal annast framkvæmd laga þessara.

Jafnréttisráð skal skipað sjö mönnum og jafnmörgum til vara til tveggja ára í senn og skulu þeir skipaðir þannig: Einn skipaður af Hæstarétti, er hann formaður ráðsins, einn skipaður af félagsmálaráðherra og er hann varaformaður, einn skipaður af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, einn skipaður af Alþýðusambandi Íslands, einn af Vinnuveitendasambandi Íslands, einn af Kvenréttindafélagi Íslands og einn af Kvenfélagasambandi Íslands.

Jafnréttisráð hefur skrifstofu og ræður framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn eftir þörfum. Einn starfsmanna skal hafa lokið embættisprófi í lögum og skal hann annast lögfræðiráðgjöf og önnur lögfræðistörf á vegum Jafnréttisráðs vegna ætlaðra brota á lögum þessum.

Kostnaður við Jafnréttisráð greiðist úr ríkissjóði.

14. gr.

Á vegum Jafnréttisráðs starfar sjö manna ráðgjafarnefnd og skal hún vinna að sérstökum jafnréttisverkefnum samkvæmt nánari ákvörðun Jafnréttisráðs. Ráðið ákveður hvernig nefnd þessi skuli skipuð.

15. gr.

Verkefni Jafnréttisráðs eru að:

1. Sjá um að ákvæðum 2.—12. gr. laga þessara sé framfylgt.
2. Vera stefnumótandi aðili í jafnréttismálum hér á landi. Skal ráðið vinna framkvæmda-áætlun til fjögurra ára í senn og leggja fyrir félagsmálaráðherra. Þar skal kveðið á um aðgerðir til að koma á jafnrétti kynjanna.
3. Vera ráðgefandi gagnvart stjórnvöldum, stofnunum og félögum í málefnum er varða jafna stöðu og jafnrétti með konum og körlum.
4. Sjá um fræðslu og upplýsingastarfsemi til félagasamtaka og almennings.
5. Fylgjast með þjóðfélagsþróuninni, sem m. a. varðar þetta lagaefni, og gera tillögur til breytinga til samræmis við tilgang laganna.
6. Stuðla að góðri samvinnu við samtök atvinnurekenda og launafólks og önnur félagasamtök svo að stefnu og markmiði þessara laga verði náð með sem eðlilegustum hætti.
7. Taka til rannsóknar af sjálfsdáðum stöðu kvenna og karla að því leyti er lög þessi varðar. Opinberum stofnunum, atvinnurekendum og félagasamtökum á vinnumarkaði er skylt að veita Jafnréttisráði hvers konar upplýsingar hér að lútandi.
8. Taka við ábendingum um brot á ákvæðum þessara laga og rannsaka málið af því tilefni og senda að rannsókn lokinni niðurstöður til þeirra aðila sem málið snertir.
9. Hafa samband við jafnréttisnefndir sveitarfélaga.

16. gr.

Nú telur Jafnréttisráð að ákvæði 2.—12. gr. laga þessara séu brotin og beinir þá ráðið rökstuddum tilmælum um ákveðnar úrbætur til viðkomandi aðila.

VI. KAFLI

Viðurlög og réttarfar.

17. gr.

Fallist viðkomandi aðili ekki á tilmæli ráðsins skv. 16. gr. er ráðinu heimilt að höfða mál til viðurkenningar á rétti aðila í samráði við hann. Gildir það einnig þótt ekki sé um skaðabótakröfu að ræða.

18. gr.

Sá, sem af ásettu ráði eða gáleysi brýtur gegn lögum þessum, er skaðabótaskyldur samkvæmt almennum reglum.

19. gr.

Brot á lögum þessum skal varða fésektum nema þyngri refsing liggja við að lögum. Félag, fyrirtæki og stofnanir má dæma í fésektir hafi brot á lögum þessum verið framið á þeirra vegum, þau átt þátt í því eða hagnast á brotinu.

20. gr.

Pegar héraðsdómari fer með mál vegna brota á lögum þessum kveður hann til tvo meðdómendur.

Kveðja skal öðrum fremur til menn sem hafa viðtæka þekkingu á jafnréttismálum og á öðrum þeim sviðum sem málið varða.

VII. KAFLI

Önnur ákvæði.

21. gr.

Félagsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessara laga í reglugerð að fengnum tillögum Jafnréttisráðs.

22. gr.

Félagsmálaráðherra skal leggja fyrir ríkisstjórnina framkvæmdaáætlun til fjögurra ára í senn. Þar skal kveðið á um aðgerðir sem fyrirhugaðar eru til að ná fram jafnrétti kynjanna.

Við gerð hennar skal höfð hliðsjón af áætlun Jafnréttisráðs, sbr. 2. tl. 15. gr.

Áætlun þessa skal senda öllum jafnréttisnefndum sveitarfélaga.

Áætlunina skal ráðherra leggja fyrir Alþingi til umræðu. Félagsmálaráðherra skal á tveggja ára fresti leggja fram á Alþingi skýrslu um stöðu og þróun jafnréttismála.

23. gr.

Lög þessi skal endurskoða eftir 5 ár.

24. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 78 31. maí 1976, um jafnrétti kvenna og karla.

Samþykkt á Alþingi 19. júní 1985.